

ÁRSSKÝRSLA 2007



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

EFNISYFIRLIT

Hlutverk og staða FSR	3
Faghópar FSR	4
Verkefni ársins 2007	6
Forsætisráðuneyti.....	6
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.....	6
Félagsmálaráðuneyti	7
Fjármálaráðuneyti.....	8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.....	9
Iðnaðarráðuneyti	12
Landbúnaðarráðuneyti	12
Menntamálaráðuneytið.....	12
Samgönguráðuneyti	14
Sjávarútvegsráðuneyti.....	14
Umhverfissráðuneyti	14
Utanríkisráðuneyti	15
Alþingi.....	16
Formlegt samstarf	17
Rekstur og starfsfólk.....	20
Ársreikningur 2007	

Ársskýrsla 2007.

Útg.: Framkvæmdasýsla ríkisins. Ágúst 2008.

Vinnsla forsíðu: Stafræna hugmyndasmiðjan ehf.

Prentun: Prentsmiðjan Oddi ehf.

Ábyrgðarmaður: Óskar Valdimarsson

Hlutverk og staða FSR

Framkvæmdasýsla ríkisins heyrir undir fjármálaráðuneytið. Forstjóri sér um að marka stefnu stofnunarinnar og hefur með höndum yfirstjórn, samskipti við ráðuneyti og situr í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir.


Forstjóri Framkvæmdasýslunnar er Óskar Valdimarsson verkfræðingur, aðstoðarforstjóri er Þráinn Sigurðsson tæknifræðingur og skrifstofustjóri er Helga Liv Óttarsdóttir viðskiptafræðingur og í fjarveru Helgu, sem var hluta árs í fæðingarorlofi, Anna Braguina viðskiptafræðingur.

Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) veitir ráðuneytum og ríkisstofnunum ráðgjöf um byggingartæknileg málefni og undirbúning framkvæmda. Stofnunin selur þjónustu sína innan ríkisgeirans samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra staðfestir í upphafi hvers árs.

Framkvæmdasýslan fer samkvæmt lögum með yfirstjórn hins verklega þáttar framkvæmda á vegum ríkisins. Þetta á þó ekki við um framkvæmdir á vegum Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar, Flugstoða ehf. og RARIK, en þessir aðilar sjá sjálfir um framkvæmdir á sínum sérsviðum.

Starfsemi Framkvæmdasýslunnar er að langstærstum hluta fjármögnuð með sértekjum, sem skráðar eru sem umsjónar- og eftirlitskostnaður á þau verkefni sem unnið er við hverju sinni og skiptist í veltutengda grunnþóknun annars vegar og útselda tíma vegna vinnu starfsmanna hins vegar.

Framlag á fjárlögum til FSR árið 2007 var 2,7 milljónir króna en sú fjárhæð er hugsuð sem endurgjald fyrir þjónustu sem FSR veitir fjármálaráðuneytinu. Þessi fjárhæð hefur staðið óbreytt í krónutölu um nokkurra ára skeið.



Innréttingar í húsi Menntaskólans í Reykjavík, Casa Nova, eftir endurbætur.



Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, nýjar innréttingar á 2. hæð suðurálmu.

Faghópar FSR

Skipurit FSR hefur þróast töluvert á undanförunum árum. Verkefni stofnunarinnar eru fjölbreytileg og skipar forstjóri faghópa sem eru honum til ráðgjafar við þróun á verklagi innan viðkomandi fagsviðs. Fjöldi og heiti þessara fagsviða er breytilegur og fer eftir umfangi og eðli starfseminnar á hverjum tíma. Eftirtalin fagsvið eru til staðar við útgáfu skipurits frá 1. nóvember 2007:

- Frumathuganir
- Áætlunargerð
- Verkframkvæmdir
- Snjóflóðavarnir
- Leigumál
- Verkefnavefur
- Tölvu- og tækjamál
- Útgáfumál
- Innri úttektir á verkferlum
- Þjónusta skrifstofu
- BIM – Byggingaupplýsingalíkon
- Öryggis- heilbrigðis- og umhverfismál
- Gæðastjórnun í byggingariðnaði



Skipurit FSR.

BIM - Byggingaupplýsingalíkon

Framkvæmdasýslan hefur verið í fararbroddi á Íslandi við kynningu á nýrri aðferðafræði við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur mannvirkja. Það er notkun upplýsingalíkana, sem nefnd er BIM, sem stendur fyrir Building Information Modeling. Hafin er innleiðing á þessari nýju nálgun í sumum af nágrannalöndum okkar. Í mars 2007 óskaði FSR eftir samstarfi við ýmsa aðila á þessum markaði og var í sama mánuði haldinn fundur þar sem fulltrúar hagsmunaaðila ræddu málin. Þar voru auk FSR fulltrúar frá Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur, Háskólunum, Reykjavíkurborg, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Samtökum iðnaðarins og félögum arkitekta og verkfræðinga. Einnig komu að málinu aðilar frá Brunamálastofnun og umhverfiráðuneyti. Ákveðið var að koma á fót samstarfshópi til að vinna að framgangi aðferðafræði BIM á Íslandi.

Hvað er BIM?

Byggingarupplýsingalíkan (Building Information Modeling - BIM) er aðferðafræði byggingarhönnunar sem einkennist af því að skapa og nota rafrænar upplýsingar í hnitakerfi, sem eru samkvæmar innbyrðis, við hönnun og framkvæmd byggingarverkefna. BIM byggir á hlutbundinni hönnun, er afurð í háum gæðaflokki með gögnum um bygginguna, áætlun um framkvæmd og kostnað. Möguleiki er á að hafa upplýsingar réttar á hverjum tíma og aðgengilegar í heildstæðu, rafrænu umhverfi sem gefur arkitektum, verkfræðingum og öðrum tæknimönnum, svo og verkkaupum skýrt, sjónrænt yfirlit yfir öll verkefni þeirra og auk þess er unnt að flýta upplýstum ákvörðunum. BIM hefur verið kynnt sem lausn til að minnka sóun á fjármunum og ómarkvissa hönnun og framkvæmd bygginga.

Samstarf við aðila á Norðurlöndum

Hjá Framkvæmdasýslu ríkisins hefur verið fylgst með þróun BIM á Norðurlöndum og víðar. Það hefur meðal annars verið á vettvangi NKS (Nordisk Kontakt for Statsbygninger) sem FSR starfrækir með systurstofnunum sínum á Norðurlöndum, SES, Statsbygg, SFV og Senatti. Á fundi NKS í ágúst 2007 lýstu fulltrúar stofnana í NKS frá hverju Norðurlandanna stöðu BIM mála, hver í sínu landi, og er hér stuttlega rakið það sem þar kom fram.

▪ Danmörk


Þróun útfærslu á BIM í Danmörku er á ábyrgð samtaka sem nefnast bips og átakið nefnist „Det digitale byggeri“. Það tekur á samstarfi á sviði skjalastjórnunar, rafrænna útboða og byggingarupplýsingalíkana. Í auknum mæli verður tekið mið af viðmiðunum alþjóðasamtaka, svo sem ISO, IAI og IFC. Innleiðing BIM í Danmörku áætluð að verði þrepum. Árið 2007 voru lagðar til leiðbeiningar um þrívíddarlíkön sem innihalda meðal annars árekstrargát. Árið 2008 koma leiðbeiningar með auknum gögnum varðandi notkun rýmis og tímasetningar. Þá verður árið 2009 bætt við leiðbeiningum sem beinast að samstarfi og aðgangsstjórnun, árið 2010 flokkun og magnskrá, árið 2011 vörulýsingar og 2012 framleiðslulýsingar.

▪ Finnland

Leiðbeiningar um BIM samkvæmt kröfum Senatti í Finnlandi (BIM – manual) tók gildi í október 2007. Þá hafði staðan verið metin þannig að BIM tæknin væri orðin nægilega þróuð til að gera kröfu um að nota hana í venjulegum verkefnum þegar kostnaður er yfir 2 milljónir evra. Útfærslan er ítarleg og uppfyllir IFC staðalinn. Um er að ræða fyrsta skrefið á leið til mun víðtækari notkunar líkana.

▪ Noregur

Statsbygg hefur sett fram áætlun og kröfur um notkun BIM og á árinu 2007 voru að minnsta kosti fimm verkefni unnin þar sem BIM verður notað. Markmið Statsbygg er að BIM verði almennt notað við hönnun og framkvæmd bygginga árið 2010. Í fyrsta skrefi innleiðingar verður áherslan á notkun BIM líkans við hönnun og innri vinnu hönnunarahópa fremur en við framkvæmd og rekstur bygginga, einnig verða breyttar kröfur um útboðsgögn og verksamninga.



Aukning á sjónrænum möguleikum með BIM.

▪ Ísland

Á Íslandi hefur FSR, í samstarfi við ýmsa aðila, hafið kynningu á BIM aðferðafræðinni, en ákvörðun um innleiðingu liggur ekki fyrir né áætlun varðandi BIM á borð við þær sem lýst er hér að framan. Tölvustudd hönnun er útbreidd hérlendis og að mörgu leyti eru forsendur fyrir þróun í átt að BIM. FSR hefur lagt til við hagsmunaaðila að BIM aðferðafræðin verði sú leið sem farin verður.

Ýmis þróun hefur átt sér stað sem mun nýtast við innleiðingu BIM. Sem dæmi má nefna þróun hönnunarsamninga, þar sem meðal annars er gerð er krafa um að einungis hönnunarahópar taki þátt. Áhrif aðferðafræði BIM gætir víðar. Nokkrir hönnuðir eru að gera prófanir á því en engin stofa hefur enn tekið almennt upp BIM vinnuaðferðir. Ákveðið hefur verið, í stóru verkefni Nýs háskólasjúkrahúss, að taka til fulls upp svokallaða bips vinnustaðila og aðferðafræði sem nær til tölvustuddrar þrívíddarhönnunar, skjölunar og verklýsinga.

Markviss vinna, í samstarfi hagsmunaaðila, við mótnun á útfærslum á BIM sem henta á Íslandi þyrfti að komast á meira skrið og mun FSR beita sér fyrir því á komandi árum.

Verkefni ársins 2007

Hér verður stiklað á stóru og rakin helstu verkefni á vegum FSR fyrir hvert ráðuneyti sem voru í framkvæmd á árinu og eftir atvikum nefnd verkefni sem eru í undirbúningi.

Forsætisráðuneyti

Á árinu 2007 var unnið áfram að frumathugun á húsnæðismálum forsætisráðuneytis og að verkefninu Tilflutningur verkefna stjórnarráðsins. Í undirbúningi voru einnig endurbætur á 5. og 6. hæð að Skúlagötu 4, í Sjávarútvegshúsinu, fyrir sjávarútvegsráðuneytið sem fyrirhugað er að framkvæma árið 2008.



Sjávarútvegshúsið, Skúlagötu 4.

Eftirfarandi skilamöt/ skilagreinar verkefna á vegum forsætisráðuneytis voru gefin út árið 2007.

- Þjóðmenningarhús við Hverfisgötu, hljóðvist, skilagrein, gefið út í september 2007.
- Skuggasund 1, endurinnrétting fyrir umhverfisráðuneytið, gefið út í september 2007.
- Rif á húsum að Sölvhólgötu 11, skilagrein, gefið út í desember 2007.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Helstu verkefni ársins 2007 fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið var umsjón framkvæmda við stækkun og breytingar við Fangelsi Kvíabryggju, við viðbyggingu og breytingar við Fangelsi á Akureyri, svo og umsjón framkvæmda við viðbyggingu og endurbætur við Sýsluskrifstofu og lögreglustöð á Eskifirði.

Fangelsi Kvíabryggju, stækkun og breytingar

Framkvæmdir við stækkun og breytingar á Fangelsinu á Kvíabryggju hófust í febrúar 2007. Þar með lauk fyrsta verkefninu í áætlun um endurnýjun og nýbyggingu fangelsa í landinu. Ráðgjafar við verkið voru Á stofunni arkitektar ehf. Vistherbergjum í fangelsisbyggingu var fjölgað um sex en við það verða þau alls 20. Byggt var við borðstofu og snyrtingu og anddyri stækkað. Breytingar voru gerðar á borðsal, setustofu, bað- og snyrtiaðstöðu, starfsmannaaðstöðu, skrifstofum fanga- varða, tölvu- og fönðurherbergi, anddyrum, viðtalsherbergi og símarýmum. Íbúðarhúsi forstöðumanns var breytt í skrifstofu, kennslurými og fundaraðstöðu auk möguleika á tveimur fangaklefum. Þá var sett upp götulýsing á milli fangelsisbyggingar og skrifstofuhúss. Verktaki var Landsmenn ehf. og GG lagnir ehf. Framkvæmdum lauk 4. október 2007 (lokaúttekt).



Fangelsi Kvíabryggju.

Sýsluskrifstofur og lögreglustöð á Eskifirði, viðbygging og endurbætur

Framkvæmdir við viðbyggingu og endurbætur við skrifstofuhús Sýslumannsins á Eskifirði hófust í janúar 2007. Viðbyggingin er um 170 fermetrar og var hún reist og innréttuð samhliða því að unnið að endurbótum í eldra húsi. Ráðgjafar við verkið voru Helgi Hafliðason, arkitekt, Hönnun hf. sem hannaði burðarþol og lagnir og Rafhönnun hf. Framkvæmdum lauk að mestu leyti árið 2007. Verktaki var Byggðarholt ehf.

Fangelsi á Akureyri, viðbygging og endurbætur

Í byrjun árs 2007 lauk hönnun við Fangelsi á Akureyri sem náði til endurbóta í núverandi lögreglustöð og fangelsi við Þórunnarstræti 138 á Akureyri og viðbyggingar við það. Nýir og stærri fangaklefar verða byggðir, 10 fangaklefar verða fyrir langtímavistun fanga á 1. hæð og 8 klefar fyrir skammtímavistun í kjallara, einnig einn einangrunarklefi. Nýr stærri og bjartari fangagarður er hluti af verkinu og aðstaða fyrir léttu vinnu fanga svo og námsaðstaða, matsalur, aðstaða fyrir líkamsrækt, heimsóknarherbergi og vinnuherbergi fyrir sérfræðinga.

Aðalhönnuður var Arkitektúr. is, verkfræðihönnun önnuðust Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. og Raftákn ehf. Framkvæmdirnar voru auglýstar til útboðs í febrúar 2007. Tekið var tilboði Virkni ehf. Stærð viðbyggingar verður 336 fermetrar. Framkvæmdir við endurbætur og breytingar á núverandi byggingu ná til 567 fermetra. Heildarkostnaðaráætlun FSR, í október 2006, var samtals 227,9 milljónir króna. Sumarið 2007 var viðbyggingin steypt upp og unnið að frágangi. Miðað er við að ljúka verkinu á miðju árinu 2008.



Fangelsi á Akureyri, viðbygging .

Á árinu 2007 var unnið að undirbúningi vegna viðbyggingar og breytinga við Fangelsið að Litla-Hrauni. Einnig var unnið að undirbúningi fyrir viðbyggingu og endurinnréttingu við Lögreglustöð Höfn í Hornafirði, einnig að undirbúningi fyrir nýbyggingu Héraðsdóms á Selfossi svo og að undirbúningi vegna bílgeymsluhúss fyrir embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

Lögregluskóli ríkisins, leiguhúsnæði

Á árinu 2007 var lokið húsnæðisöflun vegna Lögregluskóla ríkisins. Niðurstaðan var að fá ákjósanlega viðbót við leiguhúsnæðið á sama stað og var samið við Fasteignafélagið Stoðir ehf. um leigu til 25 ára á samtals 2445,4 fermetra húsnæði frá 1. mars 2007. Verkefninu lauk með skilagreininni Lögregluskóli ríkisins, leiguhúsnæði Krókhálsi 5a-b, sem var gefin út í desember 2007.



Lögregluskóli ríkisins, Krókhálsi 5a-b.

Framleiðsla vegabréfa, leiguhúsnæði

Afhending leiguhúsnæðis fyrir framleiðslu vegabréfa fór fram árið 2006 en skilagrein var unnin 2007. Óskað var eftir húsnæði fyrir þessa starfsemi í Reykjanesbæ og var samið við Sverri Sverrisson ehf. um leigu til 5 ára á um 300 fermetra húsnæði að Brekkustíg 39, Reykjanesbæ, frá 1. maí 2006. Skilagreinin Framleiðsla vegabréfa, leiguhúsnæði, var gefin var út í desember 2007.

Auk fyrrnefndra skilagreina var gefið út skilamatið Lögreglustöðin á Akureyri, endurbætur, sjá fjármálaráðuneyti.

Félagsmálaráðuneyti

Helstu verkefni ársins 2007 fyrir félagsmálaráðuneytið, sem eftir 1. janúar 2008 varð félags- og tryggingamálaráðuneyti, var umsjón framkvæmda við sambylið við Birkimörk 21-27, Hveragerði, sem lauk í mars 2007 og áætlunargerð vegna sambylið við Bleikargróf 6, Reykjavík. Þá var lokið til fulls við sambyli við Geislaún 1 á Akureyri. Einnig lauk til fulls á árinu framkvæmdum við viðbyggingu Stuðla, móttöku- og meðferðarstöð, viðbygging en þar varð reyndar stórbruni á árinu.



Sambýli Birkimörk 21-27, Hveragerði, fékk viðurkenningu Íslensku byggingarlistarverðlaunanna 2007.

Fyrirhugaðar framkvæmdir við viðbyggingu Fjöliðunnar á Akranesi voru undirbúnar og boðnar út vorið 2007 en engin tilboð bárust og varð ekki að framkvæmdum á árinu.

Af leiguverkefnum/ húsnæðisöflun sem FSR kom að voru helst húsnæðisöflun vegna Heimilis fyrir fötluð börn, frumathugun vegna verkefnisins Greining og húsnæðisöflun fyrir geðfatlaða í Hafnarfirði og unnið var að verkefni vegna leiguhúsnæðis fyrir Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Suðurlandi.

Gefið var út skilamatið Gagnheiði 39, Selfossi, verndaður vinnustaður, í desember 2007.

Fjármálaráðuneyti

Helsta verkefni vegna fjármálaráðuneytisins og stofnana þess á árinu 2007 var nýbygging fyrir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.



Nýtt vöruhús ÁTVR.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, vöruhús

Hönnun og bygging vöruhúss 3 og tengibyggingar fyrir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR), við Stuðlaháls í Reykjavík, var boðin út í alútboði í byrjun ársins. Húsið er 1.400 fermetra stálgrindarhús. Alverktaki var Eykt ehf. Framkvæmdum lauk að mestu á árinu 2007.

Á árinu var einnig unnið að ráðgjöf vegna leiguhúsnæðis vegna nokkurra verkefna, einkum við verkefnið Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, húsnæðisöflun, og Vegagerðin, leiguhúsnæði. Verkefnið Læknisbústaður Heiðarbraut 3, Blönduósi, viðgerðir, og Fasteignamat ríkisins á Selfossi, voru á mismunandi stigi.

Gefið var út skilamatið Lögreglustöðin á Akureyri, endurbætur, í apríl 2007 (verkaupi Fasteignir ríkissjóðs).

Í frumathugun:

- Skattstofa Austurlands, húsnæðisöflun
- Tollhúsið, viðbygging

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Helstu verkefni vegna heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins (eftir 1. janúar 2008 nefnt heilbrigðisráðuneyti) og stofnana þess á árinu 2007 voru eftirfarandi.

Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað, viðbygging og endurbætur

Unnið var áfram að framkvæmdum við þetta verkefni á árinu 2007. Framkvæmdir fólust í því að endurbæta eldri hluta sjúkrahússins. Á 1. hæð var innréttað fyrir eldhús, matsal og skrifstofur, á 2. hæð hjúkrunardeild aldraðra og á nýrri 3. hæð endurhæfingardeild. Einnig var byggð viðbygging þar sem meðal annars er lyftuhús.



Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað, viðbygging

Arkitekt breytinganna var Pétur Örn Björnsson arkitekt hjá Arkitektahönnun ehf, Hönnun hf. annaðist hönnun burðarþols og lagna svo og brunatæknilega hönnun. Umsjá ehf. rafteiknistofa hannaði raflagnir. Verktaki er Viðhald fasteigna ehf. Lokaúttekt fór fram 22. mars og var húsið tekið formlega í notkun 16. apríl 2007.



Göngudeild Barna- og unglingadeildar.

Landspítali - háskólasjúkrahús. Barna- og unglingageðdeild, göngudeild

Framkvæmdir við göngudeild Barna- og unglingageðdeildar LSH voru boðnar út og voru tilboð opnuð í janúar 2007. Fjórtán tilboð bárust og í febrúar var tekið tilboði verktakans Framkvæmd ehf. sem var um 4% undir kostnaðaráætlun. Fyrir árslok var uppsteypu lokið og frágangi utanhúss komin vel á veg að mestu og hafinn frágangur innanhúss. Áætlað er að ljúka framkvæmdum við áfangann og afhenda til notkunar sumarið 2008.

Heilsugæslan Raufarhöfn, viðbygging og endurbætur

Unnið var að undirbúningi þess að byggja við og endurbæta eldra húsnæði Heilsugæslunnar á Raufarhöfn og voru framkvæmdir boðnar út í mars 2007. Endurinnréttað var á 1. hæð og innréttað í eldri og nýrri viðbyggingu fyrir iðjuþjálfun, apótek og inngang. Framkvæmdum lauk að mestu á árinu 2007.

Arkitekt endurbótanna er Björn Kristleifsson hjá Arkitektastofu Austurlands, hönnun burðarþols og lagna annaðist Verkfræðistofa Austurlands og hönnun raflagna RTS verkfræðistofa, Seyðisfirði. Verktaki var Norðurvík ehf.



Heilsugæslan á Raufarhöfn.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, D-álma, innrétting 3. hæðar

D álman er þriggja hæða bygging og hafði dregist að innrétta 3. hæðina sem er um 1.000 fermetrar að stærð. Framkvæmdir við 3. hæðina hófust í september 2006 og voru að mestu unnar á árinu 2007. Hæðin var innréttuð að miklu leyti fyrir skurðeild en það sem eftir var fyrir skrifstofur, fundarsal og bókasafn. Að þessari framkvæmd lokinni verður álman fullbyggð utan þess að eftir er fullnaðarfrágangur lóðar.



D-álma Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum voru verkkaupar. Arkitektastofan OÖ ehf. annaðist arkitektaráðgjöf, Verkfræðistofa Suðurnesja ehf. burðarvirki og lagnir, Fjarhitun hf. loftræstingu og lagnir og Rafmiðstöðin sf. hannaði raf- og fjarskiptalagnir. Verktaki var FB Festing ehf.

Heilbrigðisstofnunin Siglufirði áfangi B, ný viðbygging

Í upphafi ársins 2007 var boðinn út áfangi B, við Heilbrigðisstofnunina Siglufirði, sem náði til þess að reisa og innrétta tveggja hæða viðbyggingu og ganga frá lóð.

Á 1. hæð er slysamóttaka, aðalinngangur og biðstofa, einnig fimm rými lækna og hjúkrunarfólks, afgreiðsla, ritarar og tvö skoðunarherbergi. Á 2. hæð eru fjórar sjúkrastofur, setustofa, skrifstofur og fundasalur. Byggingin verður steinsteypt, alls um 980 fermetrar.



Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, viðbygging.

Arkitekt er Helgi Hafliðason, lóðarhönnun annaðist Landslag ehf., burðarþol Almenna verkfræðistofan hf., lagnir hannaði Lagnatækni ehf. og raflagnir Rafhönnun hf. Verktaki er Byggingarfélagið Berg ehf.

Í lok ársins hafði viðbyggingin verið steipt upp og lokið við lóðarfrágang en áætlað er að ljúka áfanganum 2008. Unnið var á árinu 2007 að hönnun áfanga C, endurbótum á norðurálmum og hluta vesturálmum.



Nýbygging Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Selfossi.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi, viðbygging

Á árinu 2007 var haldið áfram uppsteypu viðbyggingar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi og unnið að frágangi utanhúss, lóðarfrágangi að mestu og innréttingu 2. hæðar sem hýsir hjúkrunardeild

og er um 1.300 fermetrar. Þessum fyrsta áfanga nýbyggingarinnar lauk í desember 2007 (lokaúttekt) og á árinu var einnig lokið uppsteypu 3. hæðar og hafnar innréttingar á þeirri hæð. Eftir er að innrétta húsið að öðru leyti.

Viðbygging heilbrigðisstofnunar Suðurlands er vestan við núverandi sjúkrahúsbyggingu. Á 1. hæð verður aðalinnangangur og heilsugæslustöð, á 2. hæð og 3. hæð verða hjúkrunardeildir fyrir aldraða og í kjallara verður endurhæfing, funda- og kennsluáðstaða, kapella, tölvurými og geymslur. Stærð byggingarinnar í heild er rúmlega 5.200 fermetrar. Byggingin er steinsteypt, klædd að utan með áklæðningu.

Arkitekt byggingarinnar var Helgi Hjálmarsson á Teiknistofunni Óðinstorgi sf., Verkfræðistofa Guðjóns Þ. Sigfússonar ehf. hannaði burðarþol og lagnir og Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar sá um raf-lagnahönnun. Verktaki er JÁ verktakar ehf

Hjúkrunarheimili Suðurlandsbraut 66, Reykjavík, jarðvinna

Jarðvinnuframkvæmdir vegna Hjúkrunarheimilisins Suðurlandsbraut 66 hófust í upphafi árs og þeim lauk í júní 2007. Verkkaupar voru heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti ásamt Reykjavíkurborg. Um næstu áramót tekur félags- og tryggingamálaráðuneyti við framkvæmdum við hjúkrunarheimili og í þessu tilviki með Reykjavíkurborg. Er fyrirhugað að bjóða út framkvæmdirnar við Hjúkrunarheimilið á Suðurlandsbraut 66 á árinu 2008.

Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri, innrétting 1. og 2. hæð suðurálmú

Framkvæmdum við innréttingar 1. og 2. hæðar suðurálmú Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri (FSA) var haldið áfram og voru báðar hæðirnar teknar í notkun á árinu. Lauk framkvæmdum við 2. hæð í febrúar og við 1. hæð í september 2007.



Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri, innrétting 1. og 2. hæð suðurálmú.



Líkan af endurskoðuðu deiliskipulagi LSH.

Landspítali - háskólasjúkrahús

Á árinu 2007 var unnið áfram að undirbúningi Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut. Á fyrra ári var unnið að þarfagreiningu og lauk henni í upphafi ársins 2007. Vinna við frumáætlun hófst í mars 2007 og lauk að mestu á árinu 2007.

Nefnd um fasteignir, nýbyggingar og aðstöðu heilbrigðisstofnana hóf störf í október og hefur nefndin yfirumsjón með undirbúningi og framkvæmdum við nýbyggingar Landspítala. Er Inga Jóna Þórðardóttir formaður nefndarinnar, aðrir í nefndinni eru Árni Þór Sigurðsson, Bolli Héðinsson, Bolli Kristinsson, Hanna Katrín Friðriksson, Margrét Sanders og Þórir Kjartansson.

Í desember 2007 samþykkti nefndin að rannsóknastofum sjúkrahússins og heilbrigðisvísindadeilda Háskólans verði komið fyrir saman í einni rannsóknastofubyggingu, milli nýja sjúkrahússins og háskólabygginganna og að hver legudeild samanstandi af þremur níu rúma þyrpingum. Á nýjum „skematískum“ teikningum koma einnig fram fleiri breytingar. Stefnt er að því að ljúka frumathugun á fyrri hluta ársins 2008.

Staða verkefna

Auk þess sem að framan greinir voru í undirbúningi á árinu 2007 á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins eftirfarandi verkefni.

- Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar, áfangi C endurbætur norðurálmú,
- Hjúkrunarheimili í Kópavogi,
- Heilsugæslustöð Borgarnesi, viðbygging,
- Hjúkrunarheimili aldraða Hvammstanga.
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, B og C álma, utanhússviðgerðir

Útgefin skilamöt á árinu 2007 vegna heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og stofnana þess voru eftirfarandi:

- Heilsugæslustöðin Skagaströnd, nýbygging, skilamat, gefið út í nóvember 2007
- Hjúkrunar- og dvalarheimilið Naust Þórshöfn, viðbygging, skilamat október 2007
- Sjúkrahús Akraness, endurbætur norðurálmú, skilamat gefið út í október 2007
- Heilsugæslustöðin Fjörður, Hafnarfirði, leiguhúsnæði, skilamat gefið út í apríl 2007.
- Heilsugæslustöðin Glæsibæ, Reykjavík, leiguhúsnæði, skilgrein gefin út janúar 2007
- Heilsugæslustöðin Hamraborg 8, Kópavogi, leiguhúsnæði, skilgrein janúar 2007
- Landspítali - háskólasjúkrahús Fossvogi, C álma, utanhússviðgerðir, skilgrein gefin út apríl 2007

Iðnaðarráðuneyti

Á árinu 2007 var lokið framkvæmdum við flutning Einkaleyfastofu.

Landbúnaðarráðuneyti

Verkefni vegna Landbúnaðarráðuneytisins (varð 1. janúar 2008 sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti) og stofnana þess var Flutningur Matís ohf. og unnið var að undirbúningi vegna verkefnisins Flutningur Hafrannsóknarstofnunar.

Menntamálaráðuneytið

Helstu verkefni ársins 2007 fyrir menntamálaráðuneytið og stofnanir þess voru eftirfarandi.

Þjófleikhúsið, utanhússframkvæmdir

Á árinu 2007 var áfram unnið að steypuviðgerðum utanhúss sem hófust á fyrra ári og lauk þeim að mestu árið 2007. Verktaki var Magnús og Steingrímur ehf. sem einnig önnuðust ísetningu glugga og þakklæðningu.

Það reyndist nauðsynlegt að endurnýja glugga að hluta og var þá leitast við að hafa þá með útliti líku því upprunalega, og var niðurstaðan að fá sérsníðaða danska glugga úr áli með svartri rafhúð.



Þjófleikhúsið í múrhúðun.

Múrhúðun útveggja að utan og endurstein-ing var fullhönnuð og boðin út í maí og var unnin sumarið 2007. Gerðar miklar kröfur um útlit og vinnugæði við steininguna fyrir þetta merka hús. Var niðurstaðan að fengin yrði undanþága svo afla mætti hrafntinnu af friðuðum svæðum til að gera mætti við húsið í upprunalegri mynd. Ákveðið var að verkkaupi legði til allt efni í endursteinunguna, það er steinkurl, sement og basaltsand. Múrun og endursteinungu lauk að mestu sumarið 2007.

Endurbætur Þjófleikhússins að innan er verkefni sem unnið hefur verið að í áföngum. Stefnt var að endurskoðun á undirbúningi endurbóta innanhúss í heild.

Menntaskólinn í Reykjavík, Casa Nova, endurbygging

Eftir breytingar og endurbætur á Casa Nova, kennslubyggingar MR, sem gerðar hafa verið undanfarin sumur var unnið við síðasta áfangann á árinu og lauk utanhússfrágangi í október 2007.



Casa Nova.

Íþróttahús Háskóla Íslands, utanhússframkvæmdir

Fyrir Háskóla Íslands, í samstarfi við Bygginga- og tæknisviði HÍ, var unnið að utanhússframkvæmdum við íþróttahús Háskóla Íslands við Suðurgötu í Reykjavík sem boðnar voru út í apríl 2007. Verkið fólst í viðgerðum á frostskemdri steypu í útveggjum og á þakbrúnum, endursteiningu og málun útveggja og glugga. Einnig var endurnýjuð þakklæðningar og –rennur, skipt um gler í gluggum og fleira. Framkvæmdirnar voru unnar að mestu á tímabilinu maí til október 2007. Auk Bygginga- og tæknisviðs HÍ, annaðist Arkþing ehf. og Línuhönnun hf. ráðgjöf. Verktaki var ÁA verktakar ehf.



Íþróttahús Háskóla Íslands,

Háskóli Íslands, Háskólatorg

Eftir undirbúning við Háskólatorg á undanförunum árum hófust framkvæmdir vorið 2006. Framkvæmdirnar voru unnar sem alútbóðsverk en innan þess var komið á hönnunarsamkeppni eftir forval.

Alverktaki var Íslenskir aðalverktakar ehf. og hönnuðir á þeirra vegum eru Teiknistofa Ingimundar Sveinssonar, Hornsteinar arkitektar ehf., Almenna verkfræðistofan hf. og Raftæknistofan ehf.

Byggingarnar eru á lóð Háskóla Íslands við Suðurgötu austanverða og eru þær samtals um 10 þúsund fermetrar. Þar fá um 1.500 nemendur og um 300 starfsmenn Háskóla Íslands aðstöðu.

Á vígsludegi, 1. desember 2007, var byggingunum gefið heiti og er heitið Háskólatorg nú notað um bygginguna sem reist hefur verið milli gömlu aðalbyggingar og íþróttahúss, gangur milli bygginga nefnist Tröð en Gimli heitir nú byggingin sem reist hefur verið milli Lögbergs og Odda.



Háskóli Íslands, Háskólatorg.

Framkvæmdum við bygginguna Háskólatorg var að mestu leyti lokið í árslok 2007 og þá tekin að miklu leyti í notkun. Þar eru tveir fyrirlestrasalir fyrir 180 nemendur hvor, einnig tveir salir fyrir 100 manns hvor og ýmis önnur kennslu- og lesrými. Einnig eru í byggingunni skrifstofur fyrir þjónustustofnanir Háskóla Íslands, Happprætti Háskóla Íslands, bóksala stúdenta, skrifstofa Félagsstofnunar stúdenta og stúdentaráðs auk veitingaaðstöðu.

Framkvæmdir við Gimli voru nokkuð langt komnar í árslok og mun ljúka fyrir mitt ár 2008. Á fyrra ári var bætt við verkefnið 3. hæð ofan á Gimli sem verður léttbygging með burðarvirki úr stálgrindum. Í Gimli verða skrifstofur fyrir starfsmenn og nemendur, lesrými fyrir meistaraþrófs-, doktors- og grunnema auk rannsóknarstofa.




Háskóli Íslands, Gimli í byggingu.

Háskólinn á Akureyri, kennslu- og fyrirlestrarými

Á árinu 2007 var lokið undirbúningi vegna kennslu- og fyrirlestrarýmis Háskólans á Akureyri. Um var að ræða 4. áfanga í uppbyggingu húsnæðis Háskólans á Akureyri, nýbyggingu um 2.300 fermetrar að stærð. Í þessum áfanga verða fyrirlestrarsalir og hátíðarsalur auk smærri kennslurýma auk frágangs á hluta lóðar. Voru framkvæmdirnar boðnar út og tilboð opnuð í ágúst 2007 en reyndust of há. Framkvæmdirnar voru boðnar út að nýju og tilboð opnuð 25. september 2007.

Tilboði verktakans Tréverk hf. var tekið þann 21. desember 2007. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á um 516 milljónir króna og var tilboðið um 11% yfir kostnaðaráætlun. Áætlað er að ljúka framkvæmdum í maí 2010.



Háskólinn á Akureyri, kennslu- og fyrirlestrarymi, teikning.

Tilraunastofa Háskóla Íslands að Keldum, öryggisrannsóknarstofa

Áfram var unnið að byggingu öryggisrannsóknarstofu við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum í Reykjavík sem hafin var á fyrra ári. Nær framkvæmdaráfanginn til yfirbyggingar, það er til uppsteypu á kjallara og botnplötu og til stálgrindarhúss. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum yfirbyggingar á árinu 2008 og innrétta í framhaldi af því.

Verkefni í undirbúningi á árinu 2007 fyrir menntamálaráðuneytið og stofnanir þess voru eftirfarandi.

- Eirberg, utanhússframkvæmdir
- Hús íslenskra fræða (Stofnun Árna Magnússonar og Íslenskuskor Háskóla Íslands).

Samgönguráðuneyti

Umferðarstofa Stykkishólmi

Á árinu 2007 var unnið verkefnið Umferðarstofa Stykkishólmi fyrir Umferðarstofu. FSR vann frumathugun og áætlunargerð og hafði umsjón með framkvæmdum. Niðurstaðan var að flytja skráningu umferðarslysa og staðsetja í fyrrum flugstöð á Stykkishólmi og nýta þar autt rými en gera áður endurbætur og breytingar. Gerð var verðkönnun og samið við ÞB Borg ehf. í Stykkishólmi. Gefin var út skilagreinin Umferðarstofa Stykkishólmi, í september 2007.

Í undirbúningi var verkefnið Vegagerðin, húsnæðisöflun.

Sjávarútvegsráðuneyti

Unnið var að undirbúningi endurbóta á 5. og 6. hæð fyrir sjávarútvegsráðuneytið (nefnist sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti frá 1. janúar 2008) í Sjávarútvegshúsinu sem fyrirhugað er að framkvæma árið 2008. Sjá forsætisráðuneyti.

Umhverfisráðuneyti

Skaftafell, endurbætur

Á árinu 2007 var unnið við 1. áfanga endurbóta bygginga að Skaftafelli í Óræfum fyrir umhverfisráðuneytið. Umhverfisstofnun kom fram fyrir hönd verkkaupa við verklega framkvæmd. Hrafnkell Thorlacius arkitekt Þjónustumiðstöðvarinnar var ráðgjafi í fyrstu en síðar Stefán Benediktsson arkitekt hjá Umhverfisstofnun og Landmótun ehf. Endurbætur eða lagfæringar voru gerðar á Sandseli, Morsárbrú, Þjónustumiðstöð ásamt gestastofu, og við tjaldsvæði og Þjónustumiðstöð. Gerðar voru verðkannanir og margir verksamningar. Heildarkostnaður var um 50 m.kr. Framkvæmdunum lauk í desember 2007.



Skaftafell.

Snjóflóðavarnir Siglufirði, þvergarðar 2. áfangi

Framkvæmdum við 2. áfanga þvergarða á Siglufirði, sem var að mestu lokið árið 2006, seinkaði á síðari stigum, einkum yfirborðsfrágangi. Bás ehf., verktaki uppgræðslu, gat því ekki lokið framkvæmdum við sáningu og plöntun árið 2007 og er ráðgert að ljúka uppgræðslunni síðar.

Snjóflóðavarnir í Ólafsvík

Smíði stoðvirkja var boðin út í mars 2007. Jarðvinnan var boðin út í júlí 2007, tilboð opnuð í ágúst og tekið tilboði í september 2007. Stoðvirkin verða smíðuð og sett upp á árinu 2008. Jarðvinna nær til lagfæringa á farvegi bæjarlækjarins, endurbóta á garði við heilsugæsluhús og smíði tveggja brúa, ennfremur til landmótunar og stíga. Stoðvirkin eru stálgrindur og er samanlögð lengd þeirra er um 366 metrar.

Verkaupi er Snæfellsbær fyrir hönd Snæfellsbæjar og umhverfisráðuneytis/ Ofanflóðasjóðs. Frumathugun vann Orion Ráðgjöf ehf., Verkhönnun vann Verkfræðistofa Siglufjarðar sf. Verktaki við jarðvinnu er Norðurtak ehf., við smíði stoðvirkja Mair Wilfried GmbH. og verktaki við uppsetningu stoðvirkja er Viðhald fasteigna ehf.



Snjóflóðavarnir í Ólafsvík.

Í undirbúningi á árinu 2007 voru eftirtalin verkefni:

- Náttúrufræðistofnun Íslands, leiguhúsnæði
- Vatnajökulspjóðgarður, gestastofur
- Snjóflóðavarnir Ísafirði, Kubbi,
- Snjóflóðavarnir Siglufirði, stoðvirki 2. áfangi
- Snjóflóðavarnir á Neskaupsstað, í Tröllagili
- Snjóflóðavarnir í Bíldudal
- Snjóflóðavarnir í Bolungarvík
- Snjóflóðavarnir í Ólafsfirði
- Ofanflóðavarnir í Grænahlíð, Eyjafjarðarsveit

Utanríkisráðuneyti

Eldsneytislögn á Keflavíkurflugvelli

Fyrir Flugmálastjórnina Keflavíkurflugvelli var unnið að undirbúningi vegna verkefnisins Eldsneytislögn á Keflavíkurflugvelli og voru framkvæmdir boðnar út. Tilboð voru opnuð í desember 2007. Um er að ræða tengingu eldsneytisbirgðastöðvar inn á núverandi eldsneytislögn sem tengir Helguvíkurkerfið við vesturdreifistöð eldsneytis á Keflavíkurflugvelli.

Unnið var að undirbúningi verkefnisins Fraktflughlöð Keflavíkurflugvelli, 2. áfangi

Viðskiptaráðuneyti

Fyrir viðskiptaráðuneytið og stofnanir þess voru var unnið að undirbúningi vegna verkefnanna Fjármálaeftirlitið, leiguhúsnæði, einnig vegna Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, leiguhúsnæði, undirbúningi þess lauk í desember 2007.

Samkeppniseftirlitið, leiguhúsnæði

Fyrir Samkeppniseftirlitið var unnið að leiguverkefni þar sem undirbúningi lauk árið 2006 en húsnæðið sem tekið var á leigu, í Borgartúni 26 á 2. hæð, var í fokhelt um miðjan janúar 2007. Íslenskir aðalverktakar ehf. önnuðust framkvæmdir fyrir leigusala. Leigjandi tók við húsnæðinu 1. júlí 2007. Leigjandi greiddi engan framkvæmdakostnað utan öryggis- og aðgangsstýringarkerfis. Samkeppniseftirlitið, leiguhúsnæði, skilgrein gefin út í desember 2007.



Samkeppniseftirlitið, leiguhúsnæði

Alþingi

Helstu verkefni fyrir Alþingi á árinu 2007 voru eftirfarandi.

Alþingishús, þakviðgerð

Framkvæmdirnar við þakviðgerð Alþingishússins voru boðnar út í febrúar 2007 og voru unnar um sumarið. Framkvæmdirnar náðu til þess að styrkja skorstein, endurnýja þakpappa, leggja lektor og þakskífur og einnig að skipta um koparrennur og -niðurföll á Alþingishúsinu. Notaður var sams konar þaksteinn og áður, það er steinskífur frá Alta Skiferbrudd A/L í Norgegi. Það hefur einu sinni áður verið skipt alveg um þakskífur á húsinu en Alþingishúsið var byggt á árunum 1880 til 1881. Línuhönnun hf. annaðist ráðgjöf. Verktaki var Spýtan ehf.



Gert við þak Alþingishússins.

Alþingishús, búnaður

Húsgögn sem hönnuð voru fyrir Alþingishúsið í framhaldi af endurbótum hússins voru smíðuð og tekin í notkun í apríl 2007. Húsgögnin verða á 1. og 2. hæð hússins, að þingsalnum undanskildum. Húsgögnin eru öll úr eik og stólarnir eru klæddir leðri í lit sem tekur mið af litum í Alþingishúsinu.

Sófaborðin eru mismunandi að stærð og lögun og er hluti þeirra með glerplötu.



Ný húsgögn í Alþingishúsinu.

Hönnuður er Leó Jóhannsson húsgagnahönnuður en aðalframleiðandi húsgagna er Á. Guðmundsson ehf.

Alþingi, Skólaþing

Alþingi, Skólaþing, var verkefni fyrir Alþingi sem FSR hafði umsjón með ásamt Skrifstofu Alþingis og var unnið á árinu 2007. Um var að ræða framkvæmdir við innréttingar á neðstu hæð í Austurstræti 8-10. Skólaþing er kennsluver Alþingis fyrir efstu bekkji grunnskóla þar sem nemendur fara í hlutverkaleik og fylgja í stórum dráttum reglum um starfshætti Alþingis. Eins og að var stefnt er umgjörð Skólaþings lík því sem gerist á Alþingi það er "Þingsalur", "Þingflokksherbergi", "Nefndaherbergi" og svo framvegis og þar er beitt nýjustu tækni við miðlun upplýsinga. Húsnæðið var afhent 27. apríl 2007. Arkitektar voru Tangram arkitektar ásamt fleiri ráðgjöfum, rafhönnun annaðist Rafteikning ehf. og loftræsihönnun VSB ehf.



Frá Skólaþingi.

Í frumathugun á árinu 2007 voru verkefnin Alþingishús, endurnýjun loftræsilagna og Alþingi, framkvæmdir 2008-2012.

Formlegt samstarf

Framkvæmdasýslan tekur þátt í ýmsu formlegu samstarfi við innlendar stofnanir og hagsmunasamtök svo og við erlendar stofnanir.

Innlent samstarf

Höfð er samvinna og samráð við aðrar ríkisstofnanir, sveitarfélög og ýmis hagsmunasamtök er starfa á þessum vettvangi. Þá er stofnunin aðili að samtökum eins og Staðlaráði Íslands, Stjórnvísí, Steinsteypufélagi Íslands, Lagnafélagi Íslands og Verkefnastjórnunarfélagi Íslands.

Samtök opinberra verkkaupa (SOV)

Samtök opinberra verkkaupa voru stofnuð 1. desember 2006. Áhersluatriði eru einkum eftirfarandi.

- Kaup á verkum og þjónustu
- Innleiðing gæðastjórnunar
- Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismál
- Þróun aðferða og gagna í útboðum
- Stöðlun, hagræðing og þróun í mannvirkjagerð
- Ráðstefnur á ofangreindum sviðum

Lagnafélag Íslands

Samstarf hefur verið við Lagnafélag Íslands og á árinu var Þráinn Sigurðsson, aðstoðarforstjóri FSR, ritari í stjórn.

Lagnakerfamiðstöð Íslands (LKÍ) er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var 1999 að frumkvæði félaga í Lagnafélagi Íslands (LAFÍ) og nokkurra hagsmunaraðila. Þar hafa lagnamenn getað kynnt sér gögn um lagnir og skoðað lagnakerfi í fullri stærð í byggingu Lagnamiðstöðvarinnar í Keldnaholti. Þessi menntastöð var þó aðeins einn þáttur af starfi félagsins. Frá upphafi hefur áhersla Lagnafélagsins þó verið á ráðstefnur og fræðslufundi. Í október 2007 var Lagnakerfamiðstöð Íslands (LKÍ) afhent Háskólanum í Reykjavík til reksturs.

Erlent samstarf

Samstarf er milli Framkvæmdasýslunnar og hliðstæðra stofnana á Norðurlöndum. Er þar um að ræða samstarf við Nordisk kontakt om statsbygninger (NKS) og Nordisk kontakt om utrikesbyggeri (NKU) en Norræni byggingardagurinn (NBD) er einnig er mikilvægur vettvangur norræna samstarfsins.



Norrænn byggingardagur (NBD)

Meginverkefni NBD er að halda Norræna byggingardaginn sem jafnan er haldinn annað hvert ár og er breytilegt hvar á Norðurlöndum hún er haldin. Ráðstefnan var haldin á Íslandi árið 2005. Deildin í Svíþjóð fékk það hlutverk að skipuleggja ráðstefnuna árið 2007. Markmið NBD er að leiða saman norrænt fólk á byggingarsviði til skoðanaskipta og miðla af reynslu á því sviði í norrænu löndunum. Dagana 21.-22. september 2007 var haldinn Norrænn byggingardagur í Stokkhólmi með yfirskriftinni Samstarf án takmarkana. Ráðstefnan hófst í ráðhúsi Stokkhólms. Kynnt voru skipulagsáform í nýjum hverfum við Stokkhólm, Nacka og Nynäshamn. Ekið var með þátttakendur með leiðsögn í hverfið Telefonplan og í fyrirlestrasal listaskólans Kunstfack flutti meðal annarra norskur arkitekt Kjetil T. Thorsen hjá Snøhetta erindi og í öðrum erindum var lýst uppbyggingu hverfa í og nærri Stokkhólmi. Samtök byggingariðnaðarins í Stokkhólmi hóstu samkomu sem haldin var tilefni 80 ára afmælis NBD. Þátttakendur FSR voru þrír. Tengiliður FSR við NBD árið 2007 var Magnús K. Sigurjónsson.

Norrænt samstarf um ríkisbyggingar (NKS)

Norrænt samstarf um ríkisbyggingar er (NKS) sem er formlegur vettvangur sem Framkvæmdasýslan sinnir og er um er að ræða samstarf FSR við systurstofnanir sínar á hinum Norðurlöndunum. Af mállefnum sem rædd eru má nefna skipulag, skráningu og rekstur eigna ríkisins, samvinnu milli ríkis og einkaaðila, val á ráðgjöfum, samskipti við fjölmiðla, nýtingu á upplýsingatækni og sérstök byggingartæknileg viðfangsefni.

Fundur NKS um menningartengd málefni í tengslum við ríkisbyggingar var haldinn í Stokkhólmi dagana 11.-12. júní 2007. Tengiliður FSR var Gíslína Guðmundsdóttir. Fjallað var um menningarsöguleg gæði og hvernig unnið er að því að efla stöðu menningararfsins með aðferðum og verkfærum gæðastjórnunarvinnu. Skoðað var Ríkisskjalasafnið og farið í kastalann á Skipshólma.

Fundur NKS undir heitinu Áhættustjórnun var haldinn í Marstrand í Svíþjóð dagana 21.-22. ágúst 2007 og tóku þeir frá FSR þátt, þeir Jón H. Ásbjörnsson, Óskar Valdimarsson og Þráinn Sigurðsson.

Fundur NKS um leigumál var í október 2007 í Kronburg í Danmörku. Til umræðu voru leigumál frá ýmsum sjónarmiðum.

Umræða hefur verið mikil um BIM, byggingaupplýsingalíkanið, sjá sérstakan kafla framar í árskýrslunni.

Norrænt samstarf um byggingar utanríkisþjónustu (NKU)

FSR er, ásamt utanríkisráðuneytinu, aðili að NKU (Nordisk kontakt om utrikesbyggingari) sem er vettvangur til að miðla reynslu og finna fleti á samstarfi milli Norðurlandanna um húsnæðismál og opinberar framkvæmdir á vegum utanríkisráðuneytanna á erlendri grundu. Árlega eru haldnir fundir í NKU-samstarfinu. Skiptast löndin fimm á að halda fundinn, árið 2006 var fundur í Reykjavík. NKU fundur var haldinn 5.-7. september á Svalbarða. Íslensku þátttakendur FSR voru Þráinn Sigurðsson og Gíslína Guðmundsdóttir. Rædd voru sameiginleg málefni og fóru umræður fram í umræðuhópum um efnið aðgengi, umhverfi og orka.

Verkefnastjórnunarfélag Íslands / IPMA
Þátttaka FSR í ráðstefnum um verkefnastjórnun hefur verið nokkur á undanförunum árum enda hefur það efni vakið aukna athygli og er mikilvægt á sviði FSR.

Verkefnastjórnunarfélag Íslands sá í ár um sameiginlega ráðstefnu norrænu verkefnastjórnunarfélaganna, Nordnet 2007, Projects under Risk sem haldin var á Hótel Nordica dagana 26. - 28. september 2007.



Ýmsar ráðstefnur og fundir

Auk ráðstefna og funda í tengslum við samstarf sem áður er lýst voru þessar sóttar af starfsmönnum FSR.

Árlegt útboðsþing um verklegar framkvæmdir í mannvirkjagerð og byggingariðnaði var haldið föstudaginn 26. janúar 2006 á Grand Hotel Reykjavík.

Snertill og Autodesk buðu upp á kynningu á Building Information Model - Byggingarupplýsingalíkan á Grand Hótel í Reykjavík 25. október 2007.

Fundur Steinsteypufélags Íslands um verk lýsingar fyrir steypu var haldinn 28. nóvember 2007 á Grand Hotel, 4. hæð. Fundurinn var vel sóttur. Félagið hefur komið upp áhugaverðum vef.

Hádegisfundur Skýrslutæknifélags Íslands var haldinn 13. desember. 2007 um úttekt á opinberum vefjum, "Hvað er spunið í opinbera vefi?", á Grand Hótel Reykjavík. Það var okkur ánægja að sjá að vefur FSR kom afar vel út í þessum samanburði.

Þróun í tækni og þjónustu FSR

Vefur FSR

Nýr vefur FSR var formlega opnaður 12. janúar 2007. Ein af nýjungum er að vefurinn er tengdur við Navision gagnagrunn og þarf þá ekki lengur að tvískrá upplýsingar sem þar eru svo sem um tilboð og niðurstöður útboða. Þegar verkefni eru stofnuð, sem gert er í Navision, fara verknumer og heiti verkefna sjálfkrafa á vefinn, bæði á Öll verkefni og undir verkefni hvers ráðuneytis og stofnana þess.

Í maí 2007 var Vefur FSR vottaður, með tilliti til aðgengis fyrir alla hjá fyrirtækinu Sjá ehf. Um er að ræða 1. og 2. vottun.



Frá afhendingu vottunar vegna vefs FSR.

Hýsing á vefnum var í maí færð frá Anza yfir til Skýrr og þar verða þá öll kerfin vistuð, svo sem Rekstrarhandbókin (gæða-stjórnunarkerfi FSR) og Skorkortið.

Innri vefur

Á árinu 2007 var unnið að undirbúningi þess að koma upp innri vef hjá FSR og í september 2007 lágu fyrir drög að forsiðu hans. Umsjón með Innri vef FSR, eins og með ytri vef, hefur Magnús K. Sigurjónsson. Fyrirtækið Eskill ehf. vann forritun. Miðað er við að innri vefurinn komi upp þegar starfsmenn skrá sig inn í tölvuna og er hugsaður til hagræðingar fyrir starfsmenn. Unnið verður að því að þróa innri vefinn þannig að hverjum starfsmanni sé veittur aðgangur að kerfum og verkefnum sem hann vinnur að daglega. Á forsiðu innri vefsins vinstra megin eru verkefni hvers starfsmanns sem uppfærast með skráningum í Navision grunn eins og ytri vefurinn. Fyrir miðju á forsiðu eru Frétta-veita og um atburði Starfsmannafélagsins Auðvitaðs og á hægri síðuhluta eru tenglar á öll kerfi FSR. Í október 2007 var innri vefurinn tilbúinn til forritunar. Í nóvember og desember var ákveðin virkni einstakra síðuhluta.

Menningarstefna í mannvirkjagerð

FSR kom að mótun menningarstefnu í mannvirkjagerð með þátttöku Óskars Valdimarssonar, forstjóra FSR, í nefnd sem vann að undirbúningi stefnunnar síðastliðin tvö ár. Menningarstefna í mannvirkjagerð - stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist, sem fram kemur í samnefndu riti, var kynnt og útgefin af menntamálaráðuneytinu í apríl 2007. Þetta er í fyrsta sinn sem slík stefna er sett opinberlega. Stjórnvöld bera mikla ábyrgð á manngerðu umhverfi. Skýr og metnaðarfull stefna stjórnvalda í mannvirkjagerð getur því orðið fyrirmynd og viðmið annarra aðila. Nágrannaþjóðir okkar hafa sett sér menningarstefnu í byggingarlist. Stefnan skiptist í meginkaflana gæði, arfur, þekking, hagur og skilgreind markmið.

- Stefnunni er fyrst og fremst ætlað að setja meginviðmið og vera leiðarljós fyrir mannvirkjagerð og skipulag af hálfu stjórnvalda.
- Áhersla er lögð á markvissa stjórnun og skýrar verklagsreglur.
- Mælt er með því að hönnunarsamkeppni verði í boði þar sem við á og að samkeppnisform verði valið í samræmi við eðli og viðfang hvers verkefnis.
- Lagt er til að reynslumat verði unnið eftir að bygging hafi verið í notkun í þrjú ár.
- Áhersla er lögð á mikilvægi þess að menningararfur hins manngerða umhverfis njóti aðgæslu og virðingar og að manngert umhverfi rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni.
- Undirstrikað er mikilvægi fræðslu til að efla þátttöku almennings í umræðum um umhverfi og skipulag.
- Lagt er til að hvert ráðuneyti geri mannvirkjaáætlun til fimm ára sem yrði endurskoðuð árlega.
- Mælt er með því að tillit verði tekið til líftímakostnaðar við hönnun og byggingu mannvirkja en ekki einungis stofn-kostnaðar.
- Þó að stefnan kalli ekki á sérstaka lagasetningu, er mikilvægt að huga að því að gildandi lög og reglugerðir hamli ekki nýsköpun eða aftri fjölbreytni og mismunandi möguleikum á útfærslu.

Stefnt er að því að FSR vinni, ásamt fleirum, með virkum hætti að því að koma ofangreindri stefnu á framfæri.

Rekstur og starfsfólk

Rekstrarafkoma

Rekstrarniðurstaða ársins 2007 var hagnaður upp á rúmar 8 milljónir króna með ríkisframlagi eða 5,36 milljónir króna án ríkisframlags. Þetta er um 9,3 milljónum króna betri árangur en árið áður.

Hagnaðurinn stafar að mestu leyti af því að tekjur hækkðu um 32 milljónir króna á milli ára en gjöld voru um 23 milljónum króna hærri árið 2007. Framlag á fjárlögum hélst óbreytt frá fyrra ári. Í árslok 2007 nam eigið fé Framkvæmdasýslunnar 22,3 milljónum króna.

Verkbókhald FSR


Langmestur hluti þeirra verka sem Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá stofnuninni. Lög um skipan opinberra framkvæmda kveða enda á um að svo skuli vera til aukinnar hagkvæmni í opinberum framkvæmdum. Með því fyrirkomulagi er verkefnastjórum gert kleift að fá nýjustu upplýsingar um fjárhagsstöðu verka, án tafar, sem auðveldar kostnaðargát á verkum. Undanþegnar frá þessum lagaboðum eru framkvæmdir sem ríki og sveitarfélög standa sameiginlega að. Jafnframt heimila lög fjármálaráðherra að skipa málum með öðrum hætti.

Stefna stjórnvalda um að draga markvisst úr opinberum framkvæmdum hefur mikið endurspeglast í veltu verkbókhaldsins hjá FSR, sem fór ört minnkandi frá árinu 2000 til 2005. Í byrjun samdráttar var spáð fyrir um að hann héldist út árið 2006 og færi jafnvel inn í árið 2007. Viðsnúningur í veltu verkbókhalds hjá FSR varð þó fyrr en reiknað var með enda byrjaði veltan að aukast árið 2006, eins og sjá má á stöplartínu neða á síðunni. Á þessari mynd er einnig gerð áætlun um veltu verkbókhalds FSR til næstu þriggja ára og þar kemur fram veruleg aukning.

Starfsmannamál

Stöðugildi á árinu 2007 voru 15,6 en í árslok voru starfsmenn 17 talsins. Menntunarstig starfsmanna er samkvæmt eðli starfseminnar fremur hátt, en um 3/4 starfsmannanna eru með háskólagráðu.

Það hefur um allnökkurt skeið verið stefna stofnunarinnar að leggja mikla áherslu á endurmenntun og símenntun. Það hefur og gefist vel og eru framlög FSR til þessarar menntunar almennt vel nýtt.



Velta verkbókhalds árin 2000 - 2010 í milljörðum króna, rauntölurnar eru bláar og áætlaðar tölur eru rauðar.



Frá ferð starfsmannafélags FSR til Berlínar.



Frá gönguferð starfsmanna á Úlfarsfell.

Verkefnastjórnarnir, Gíslína Guðmundsdóttir og Gísli Tryggvason, hættu störfum á árinu og nýir menn, Bjarni Guðnason, Hafsteinn Steinarsson og Sigurður Hlöðversson, voru ráðnir sem verkefnisstjórar. Helga Liv Óttarsdóttir sem gegnir starfi skrifstofustjóra kom úr fæðingarorlofi um miðjan ágúst og Anna Bragina sem var ráðin tímabundið til að sinna stöðu skrifstofustjóra, tók við gæðamálum en fór síðan í fæðingarorlof í október. Sérstök ástæða er til að nefna að Sigurður Hlöðversson er ráðinn sem starfsmaður með aðsetur á Siglufirði og með því hefur FSR komið sér upp starfsstöð á Norðurlandi.

Starfsmannafélagið Auðvitað hélt uppi góðum starfsanda, með fjölbreyttri dagskrá. Í maí var efnt til gönguferðar á Úlfarsfell. Árshátíðin var haldin í Berlín í október og stendur sá atburður upp úr. Flogið var út á fimmtudegi og farið saman á fjöruga leiksýningu um kvöldið. Á föstudeginum

var farið í skoðunarferð, bæði í sendiráðið og í sendiherrabústaðinn þar í borg, hvort tveggja framkvæmdir sem FSR hefur haft umsjón með. Árshátíðin var svo haldin í fallegu gömlu fagverkshúsi þar sem við nutum þrýðilegra veislufanga með okkar eigin frábæru skemmtiatriðum.

Í októberlok var farið í skoðunarferð að líta á framkvæmdir við Háskólatorg sem þá voru langt komnar. Desemberatburður starfsmannafélagsins hófst með því að skoða Landnámssýningu í Aðalstræti og síðan var jólasamsæti í nærliggjandi veitingahúsi.



Frá árshátíðinni í Berlín.

Reykjavík í ágúst 2008.



Óskar Valdimarsson, forstjóri

Framkvæmdasýsla ríkisins

Ársreikningur 2007

Framkvæmdasýsla ríkisins
Borgartúni 7
105 Reykjavík
kt. 510391-2259

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings	3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Framkvæmdasýsla ríkisins er stofnun sem heyrir undir fjármálaráðuneytið og starfar samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda. Framkvæmdasýsla ríkisins fer með stjórn opinberra framkvæmda. Opinber framkvæmd merkir gerð eða breytingu mannvirkis, sem greidd er af ríkissjóði að öllu eða nokkru leyti og er að umfangi 5 m.kr. eða meira.

Mörg verkefna stofnunarinnar eru samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Í reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda, nr. 715 frá 2001, er fjallað nánar um hlutverk FSR.


Á árinu 2007 var 8.056 þús. kr. tekjuafgangur af rekstri Framkvæmdasýslunnar. Eignir námu 363.574 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, skuldir 341.283 þús. kr. og eigið fé 22.291 þús. kr.

Forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins og skrifstofustjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. ágúst 2008



Óskar Valdimarsson,
forstjóri.



Helga Liv Óttarsdóttir
skrifstofustjóri.

Áritun endurskoðenda

Til fjármálaráðuneytisins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Framkvæmdasýslu ríkisins á árinu 2007, efnahag hennar 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 20. ágúst 2008



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.



Óskar Sverrisson,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2007

Tekjur	Skýr.	2007	2006
Pjónustutekjur		145.830.825	112.890.547
Tekjur samtals	1	145.830.825	112.890.547
 Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	104.352.265	85.810.944
Rekstur skrifstofu	3	29.067.336	25.704.752
Rekstur bifreiðar	4	687.602	689.587
Ferðakostnaður	5	3.618.076	2.585.190
Tapaðar kröfur		50.550	0
Rekstrargjöld samtals		137.775.829	114.790.473
 Eignakaup	 6	 2.699.228	 2.068.882
Gjöld samtals		140.475.057	116.859.355
 Tekjuafgangur /tekjuhalli án ríkisframlags		 5.355.768	 (3.968.808)
 Ríkisframlag		 2.700.000	 2.700.000
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins		8.055.768	(1.268.808)

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

Eignir	Skýr.	2007	2006
Veltufjármunir			
Skuldunautar	7	106.287.465	73.919.220
Virðisaukaskattur		42.582.371	21.022.954
Ríkissjóður.....	8	586.607	0
Handbært fé		214.117.976	254.470.642
Eignir alls		363.574.419	349.412.816
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll frá fyrra ári		14.235.350	15.504.158
Tekjuafgangur (halli)		8.055.768	(1.268.808)
Eigið fé samtals	9	22.291.118	14.235.350
 Skammtímaskuldir			
Lánardrottinnar	10	341.283.301	334.127.964
Ríkissjóður	8	0	1.049.502
Skammtímaskuldir samtals		341.283.301	335.177.466
 Eigið fé og skuldir		363.574.419	349.412.816
 Skuldbindandi samningar	12		

Sjóðstreymi árið 2007

Handbært fé frá rekstri

	2007	2006
Veltufé frá rekstri		
Tekjuafgangur (halli) ársins.....	8.055.768	(1.268.808)
Veltufé frá rekstri	<u>8.055.768</u>	<u>(1.268.808)</u>

Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:

Skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....	(53.927.662)	(6.499.817)
Viðskiptaskuldir, hækkun.....	7.155.337	(55.082.377)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	<u>(46.772.326)</u>	<u>(61.582.194)</u>

Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)

	<u>(38.716.558)</u>	<u>(62.851.002)</u>
--	----------------------	----------------------

Fjármögnunarhreyfingar:

Breyting á stöðu við ríkissjóð:		
Framlag ríkissjóðs	(2.700.000)	(2.700.000)
Greitt úr ríkissjóði	1.063.892	1.583.617
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(1.636.108)</u>	<u>(1.116.383)</u>

Lækkun á handbæru fé.....	(40.352.666)	(63.967.385)
---------------------------	---------------	---------------

Handbært fé í ársbyrjun.....	<u>254.470.642</u>	<u>318.438.027</u>
------------------------------	--------------------	--------------------

Handbært fé í árslok	<u>214.117.976</u>	<u>254.470.642</u>
----------------------	--------------------	--------------------

Skýringar með ársreikningi

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Framkvæmdasýslu ríkisins er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 90/2006, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Skattar

Framkvæmdasýsla ríkisins greiðir ekki tekjuskatt. Virðisaukaskattur er ekki reiknaður á tekjur stofnunarinnar.

Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast stofnuninni. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af innstæðum á bankareikningum.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Bókhald og fjárvarsla

Framkvæmdasýsla ríkisins sér sjálf um að greiða reikninga og færa bókhald. Þá annast stofnunin færslu bókhalds og greiðslur vegna flestra verklegra framkvæmda á vegum ríkisins sem stofnunin hefur umsjón með. Fjársýsla ríkisins annast launavinnslu fyrir stofnunina.

Skýringar með ársreikningi

Fjárheimildir og rekstur

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum nemur 2,7 millj. kr. og var það óbreytt á milli ára, engar breytingar urðu á fjárheimildunum á árinu. Að frátöldu þessu framlagi er rekstur stofnunarinnar fjármagnaður með sértekjum.

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Launagjöld.....	97.600	98.000	104.352	(6.352)
Önnur rekstrargjöld.....	33.300	33.300	33.424	(124)
Sértekjur.....	(133.500)	(133.900)	(145.831)	11.931
Samtals	(2.600)	(2.600)	(8.055)	5.455
Eignakaup.....	5.300	5.300	2.699	2.601
Alls	2.700	2.700	(5.356)	8.056

Sundurliðanir

1. Tekjur

Tekjur hækka um 32,9 m.kr. milli ára, eða sem nemur 29,2%. Mestur hluti tekna myndast af útseldri þjónustu starfsmanna sem fólgin er í verkefnastjórnun fyrir opinberar framkvæmdir. Þá fær stofnunin greidda þóknun sem nemur 0,4% af veltufjárhæð verka sem er þóknun fyrir umsjón.

	2007	2006
Útseld þjónusta	105.481.165	98.535.572
Þóknun vegna framkvæmda	18.349.285	14.354.975
Aðrar tekjur	22.000.375	0
	<u>145.830.825</u>	<u>112.890.547</u>

2. Laun og launatengd gjöld

Útgjöld vegna launa og launatengdra gjalda hækkuðu um 18,5 m.kr. milli ára, eða sem nemur 21,6%. Laun hækkuðu vegna ákvæða í kjarasamningum og stofnanasamningum og vegna almenns launaskriðs í greininni. Ársverk voru 15,6 á árinu en voru 14,7 árið áður og hefur því fjölgað um 0,9 eða 6,4%. Launagjöld á ársverk hafa því hækkað um 14,6%. Áfallið orlof er ekki fært í ársreikninginn.

Dagvinnulaun	70.546.042	59.992.683
Yfirvinna	15.086.573	9.414.155
Ræsting	693.865	1.057.005
Launatengd gjöld	18.025.785	15.347.101
	<u>104.352.265</u>	<u>85.810.944</u>

Skýringar með ársreikningi

3. Rekstur skrifstofu

Hækkun á almennum rekstrarkostnaði skrifstofu milli ára nam 3,4 m.kr. eða 13,1% og skýrist einkum af afnotagjöldum vegna verkefnavefs sem tekinn var í notkun á árinu.

	2007	2006
Ritföng, bækur, tímarit og blöð	573.154	419.798
Rekstur tölvukerfa og skrifstofu	9.818.539	9.197.618
Húsaleiga og annar kostn. vegna húsnæðis	4.128.107	3.595.628
Afnotagjöld, simi, pósturðargjöld o.fl.	5.229.963	2.933.993
Fundir, styrkir, námskeið, matur og risna	3.492.622	2.713.052
Akstur	3.440.028	2.853.523
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	861.680	2.742.761
Hlutdeild í sameiginlegri þjónustu	1.523.243	1.248.379
	<u>29.067.336</u>	<u>25.704.752</u>

4. Rekstur bifreiða

Rekstrarkostnaðurinn lækkaði um 2 þús.kr. milli ára eða um 0,3%. Stofnunin er með eina bifreið á rekstrarleigusamningi.

Rekstrarleiga bifreiða	503.353	503.354
Bensín	93.979	102.175
Bifreiðaverkstæði og þvottur	7.250	10.700
Bifreiðatryggingar	61.662	52.000
Skattar	21.358	21.358
	<u>687.602</u>	<u>689.587</u>

5. Ferðakostnaður

Ferðakostnaður hækkar um 1.033 þús.kr. eða 40,0%. Utanlandsferðir eru vegna norræns samstarfs, evrópusamstarfs og endurmenntunar.

Fargjöld innanlands	14.115	68.970
Fargjöld erlendis	1.332.110	915.437
Dagpeningar og dvalarkostnaður innanlands	434.300	434.900
Dagpeningar og dvalarkostnaður erlendis	1.837.551	1.165.883
	<u>3.618.076</u>	<u>2.585.190</u>

Skýringar með ársreikningi

6. Eignakaup

Eignakaup hækkuðu um 630,3 þús.kr. milli ára eða um 30,5% kr. einkum vegna kaupa á áhöldum og skrifstofuvélum.

	2007	2006
Tölvubúnaður	950.563	1.890.354
Símabúnaður	185.155	134.413
Húsgögn	379.880	44.115
Áhöld og skrifstofuvélar	1.183.630	0
	<u>2.699.228</u>	<u>2.068.882</u>

7. Skuldunautar og lánardrotnar vegna byggingareikninga

Æðsta stjórn ríkisins	1.495.666	1.301.260
Forsætisráðuneyti	(638.004)	2.293.369
Menntamálaráðuneyti	8.605.183	24.882.167
Utanríkisráðuneyti	1.722.656	1.633.496
Sjávarútvegsráðuneyti	10.781.363	0
Dómsmálaráðuneyti.....	24.430.825	(3.731.351)
Félagsmálaráðuneyti.....	(1.349.421)	(8.420.993)
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.....	(94.687.938)	(228.282.829)
Fjármálaráðuneyti.....	27.898.515	(5.442.005)
Samgönguráðuneyti.....	0	0
Iðnaðarráðuneyti.....	(103.618)	(166.218)
Viðskiptaráðuneyti.....	0	88.950
Umhverfissráðuneyti.....	6.028.487	0
Aðrar A hluta stofnanir.....	4.745.036	4.296.348
Sveitarfélög v/heilbrigðisframkvæmda	20.568.288	39.423.630
Sveitarfélög v/snjóflóðavarna	0	(266.482)
	<u>9.497.038</u>	<u>(172.390.658)</u>
Skuldunautar	106.276.019	73.919.220
Lánardrotnar	(96.778.981)	(246.309.878)
	<u>9.497.038</u>	<u>(172.390.658)</u>

Skýringar með ársreikningi

8. Ríkissjóður

Viðskiptareikningur þessi sýnir mismun á framlögum ríkissjóðs til stofnunarinnar og greiðslna til hennar. Greiðslustaða Framkvæmdasýslunnar gagnvart ríkissjóði er jákvæð um 587 þús.kr. í árslok og hefur batnað um 1.636 þús.kr. milli ára.

Staða 1. janúar, (skuld)	(1.049.502)
Ríkisframlag.....	2.700.000
Greiðslur úr ríkissjóði.....	(1.063.892)
Staða 31. desember 2007, inneign	<u>586.606</u>

9. Eigið fé

Höfuðstóll sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur gagnvart fjárlögum og fjárheimildum í lok uppgjörársins. Í lok ársins nemur ónotuð fjárheimild ríflega 22,3 m.kr. og hefur hækkað um 8,1 m.kr. frá fyrra ári eða sem nemur tekjuafgangi ársins að teknu tilliti til framlags ríkissjóðs.

Höfuðstóll í ársbyrjun	14.235.350
Ríkisframlag.....	2.700.000
Tekjuafgangur.....	<u>5.355.768</u>
Höfustóll 31. desember 2007	<u>22.291.118</u>

10. Lánardrottinnar

Lánardrottinnar sundurliðast á eftirfarandi hátt:	2007	2006
Byggingareikningar, sjá skýringu 7.....	96.778.981	246.309.878
Skuldir við birgja.....	244.154.319	87.468.086
Ógreiddur kostnaður.....	<u>350.000</u>	<u>350.000</u>
	<u>341.283.301</u>	<u>334.127.964</u>

11. Skuldbindingar

Gerðir hafa verið samningar við fyrirtæki í tölvuþjónustu um rekstur og hýsingu tölvukerfa, bókhaldskerfis, starfsmannakerfis og hópvinna- og skjalavistunarkerfa. Þá er ein bifreið á reikstrarleigusamningi og litaprentari á rekstrarþjónustusamningi.

Skýringar með ársreikningi

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs

	2007	2006	2005	2004	2003
Rekstur					
Rekstrartekjur.....	145.831	112.891	119.019	113.048	108.418
Rekstrargjöld.....	(137.776)	(114.790)	(113.439)	(122.498)	(110.847)
Eignakaup.....	(2.699)	(2.069)	(2.376)	(2.621)	(2.965)
Halli fyrir ríkisframlag	5.356	(3.969)	3.204	(12.071)	(5.394)
Ríkisframlag	2.700	2.700	2.700	2.700	2.700
Tekjuafgangur ársins	<u>8.056</u>	<u>(1.269)</u>	<u>5.904</u>	<u>(9.371)</u>	<u>(2.694)</u>
Efnahagur					
Veltufjármunir.....	363.574	349.413	406.880	312.694	308.724
Eignir alls	<u>363.574</u>	<u>349.413</u>	<u>406.880</u>	<u>312.694</u>	<u>308.724</u>
Höfuðstóll	22.291	14.235	15.504	9.601	18.972
Skammtímaskuldir	341.283	335.177	391.376	303.093	289.753
Eigið fé og skuldir alls	<u>363.574</u>	<u>349.413</u>	<u>406.880</u>	<u>312.694</u>	<u>308.725</u>